

Mosfellsbær 15. júní 2018

Viðtakandi: Bæjarstjórn Mosfellsbæjar, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og stjórnendur Varmárskóla

Afrit sent: Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis og Vinnueftirlit Ríkisins.

Efni : Viðgerðir og eftirfylgni vegna myglu og rakaskemmda í Varmárskóla.

Í júní 2017 voru sérfræðingar Verkfræðistofunnar Eflu fengnir að frumkvæði skólastjórnenda, til „innlits“ vegna myglu og rakaskemmda. Þykir stjórn Foreldrafélags Varmárskóla miður að skýrslan sem unnin var eftir þá frumathugun hafi verið meðhöndluð sem trúnaðarmál og óskar eftir því að hún verði gerð opinber hið fyrsta á heimasíðu Varmárskóla.

Ljóst er að rakaskemmdir eru víða í Varmárskóla bæði í húsnæði yngri og eldri deildar því er mikill ábyrgðahluti að bæði nemendur og starfsmenn séu í heilsufarslegri áhættu. Skólinn er stærsti vinnustaður bæjarins með um 1000 nemendur og starfsmenn og varðar því heilsu hjá hátt í 10% bæjarbúa.

Til að eyða allri óvissu foreldra og starfsmanna fyrir næsta skólaár er brýnt að sérfræðingar Verkfræðistofunnar Eflu fylgi eftir fyrri skýrslu sem allra fyrst og geri heildarúttekt á umfangi skemmda og skoði auk þess sérstaklega þak, veggir og gólf þar sem vitað er um leka því eins og allir vita getur óværan leynst víða sbr. Orkuveituhúsið, Íslandsbanki, Hallgrímskirkja, Kársnesskóli o.fl..

Fyrir nokkrum vikum kom í ljós umfangsmikill leki undir gólfi í anddyri eldri deildar. Ekki er vitað hversu lengi vatn hefur safnast þar saman en miðað við rakaskemmdir gæti það verið langur tími og hugsanlega mörg tonn af vatni verið undir gólfplötunni. Framkvæmdir eru hafnar og telur stjórn Foreldrafélagsins nauðsynlegt að Efla komi að verkinu og taki sýni áður en steipt verður aftur ofan í gólfið.

Foreldrafélag Varmárskóla óskar eftir að fá að fylgjast með framvindu mála og að niðurstöður fagaðilanna verði birtar á heimasíðu skólans og bæjarins.

Beiðni þessi er borin fram með tilvísun í bréf sent 14. maí 2018 með heilsufarshagsmuni nemenda og starfsfólks að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,
Stjórn Foreldrafélags Varmárskóla

Meðfylgjandi: nýlegar myndir úr eldri deild Varmárskóla



Mynd 1. Sveppaútfelling í vegg eldri deild Varmárskóla



Mynd 2. Nærmynd af sömu útfellingu og á mynd 1



Mynd 3. Búið að opna áður nefnt gólf í við anddyri eldri deildar Varmárskóla.